

Lyfjaskírteini - vinnuregla

Mígrenilyf

ATC flokkur: N02CD01 – erenumab (Aimovig[®])
N02CD03 – fremanezumab (Ajovy[®])
N02CD06 – rimegepant (Vydura[®])

Dagsetning: 1. janúar 2024

Skilyrði fyrir greiðsluþátttöku:

- Krónískt mígreni hjá einstaklingum sem hafa ekki svarað eða þolað aðrar fyrirbyggjandi lyfjameðferðir. Samkvæmt ICHD-3 er krónískt mígreni skilgreint sem: höfuðverkur ≥ 15 daga í mánuði í a.m.k. 3 mánuði, þar af ≥ 8 dagar á mánuði mígrenishöfuðverkur

-Tilgreina skal fjölda mígrenisdaga í mánuði.

- Mígreni hefur haft hamlandi áhrif á lífsgæði og vinnufærni og valdið fjarvistum frá vinnu eða haft neikvæð áhrif á athafnir daglegs lífs að hluta eða öllu leiti í a.m.k. fimm daga í mánuði.
- Meðferð með a.m.k. tveimur mismunandi fyrirbyggjandi lyfjum hafa reynst ófullnægjandi eða aukaverkanir komið fram við notkun þeirra, nema sérstök rök mæli með öðru.

-Tilgreina skal hvaða lyf hafa verið reynd og í hve langan tíma.

- Útiloka þarf lyfjaorsakaðan höfuðverk eða meðhöndla hann áður en meðferð hefst.
- Umsókn skal gerð af sérfræðingi í taugasjúkdómum.

Endurnýjun:

Eftir 3 mánuði skal læknir meta virkni lyfsins. Mikilvægt er að sjúklingar haldi vel utan um fjölda mígrenisdaga á meðan á notkun lyfsins stendur. Skilyrði fyrir endurnýjun greiðsluþátttöku er að mígrenisdögum á mánuði hafi fækkað um $>30\%$. Þörf fyrir áframhaldandi meðferð skal metin reglubundið eftir það og gera skal tilraun til að hætta notkun lyfsins eftir góðan árangur í 12-18 mánuði.

- Tilgreina skal fjölda mígrenisdaga í mánuði áður en meðferð hófst og eftir a.m.k. 3 mánaða notkun.*

Gildistími:

1 ár